

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 322/2003, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 2. gr. reglnanna, sem varðar fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild, breytist og verður svohljóðandi:

Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði takmarkast við töluna 75.

2. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett að fenginni tillögu hjúkrunarfræðideildar, og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. júní 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum og Noregi.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er óheimilt að flytja inn óslægðan lax, sjóbirting og regnbogasilung frá Færeyjum og Noregi.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 713/2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum og auglýsing nr. 714/2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Noregi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.